

Ársskýrsla Vísindanefndar Félagsráðgjafafélags Íslands starfsárið 2022-2023

Vísindanefnd skipuðu:

Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir, formaður

Hervör Alma Árnadóttir, gjaldkeri

Guðbjörg María Árnadóttir, ritari

Vísindasjóður Félagsráðgjafafélags Íslands var stofnaður árið 1989. Markmið sjóðsins hefur frá upphafi verið að efla rannsóknir félagsmanna og er eitt af hlutverkum nefndarinnar að greiða fyrir og halda lífandi umræðu um rannsóknir innan félagsins.

Vísindasjóður skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta.

A-hluti Vísindasjóðs er ætlaður til að standa straum af framhalds- og endurmenntunarkostnaði og ferða- og dvalarkostnaðar vegna námskeiða, ráðstefna og námskeiðsgjalda. Í A-hluta vísindasjóðs renna 90-100% þeirrar upphæðar sem vinnuveitendur greiða í sjóðinn og er sú upphæð greidd út í febrúar ár hvert til þeirra félagsmanna sem aðild eiga að sjóðnum, þ.e. þeirra sem greitt hefur verið fyrir í vísindasjóð. Árlega er 0-10% upphæðarinnar lagðar inná B-hluta sjóðsins en Vísindanefnd ákveður í samráði við stjórn FÍ hverju sinni það hlutfall sem lagt er inn á reikning B-hluta sjóðsins og fer það eftir stöðu sjóðsins hverju sinni. Í ár var greidd út 95% af innkomu ársins 2022 í sjóðinn til félagsmanna sem eiga aðild að sjóðnum, eða um kr. 46.000.000,-

B-hluti Vísindasjóðs er til að standa straum af kostnaði við rannsóknar- og þróunarverkefni. Hægt er að sækja um styrk í sjóðinn tvisvar á ári, fyrir 15. apríl og 15. október ár hvert. Verkefnin verða að vera á sviði félagsráðgjafar og vera stéttinni til hagsbóta og framdráttar, hvað varðar faglega þekkingu. Sérstakar úthlutunarreglur og umsóknareyðublað gilda fyrir B-hlutann og eru þær að finna á heimasíðu félagsins.

Styrkir úr B-hluta eru greiddir út um leið og búið er að samþykkja þá, en formleg afhending þeirra var á félagsráðgjafaþinginu sem haldið er í tengslum við afmæli félagsins og var haldið 17. febrúar sl. Styrkþegum er gert að kynna niðurstöður verkefna sinna á þinginu í formi fyrirlesturs innan tveggja ára frá úthlutun eða í formi greinar í tímariti félagsráðgjafa eða sambærilegu tímariti.

Helstu verkefni Vísindanefndar eru eftirfarandi:

- Gera áætlun um starfsárið.
- Senda út tilkynningar vegna umsókna í B-hluta sjóðsins.
- Greiða árlega úr A-hluta í febrúar/mars.
- Fara yfir umsóknir í B-hluta og meta. Ákveða hámarksupphæðir til úthlutunar.
- Halda opinn nefndarfund í maí þar sem umsóknareyðublað og umsóknarferli er kynnt.
- Samþykkja umsóknir eigi síðar þremur mánuðum eftir umsóknarfrest.
- Halda úthlutunar- og kynningarfund styrktarverkefna í febrúar ár hvert.
- Endurskoða störf, verklag og reglur nefndarinnar.

Vísindanefnd hélt á starfsárinu námskeið í ritun ágripa og ráðstefnuerinda. Námskeiði var haldið í lok nóvember 2022.

Vísindanefnd fór yfir úthlutunarreglur fyrir B-hluta vísindasjóðs og helstu verkefni Vísindanefndar og gerðar voru eftirfarandi breytingar:

- Í 7. grein úthlutunarreglna leggur nefndin til að upphæð á hámarksstyrk fyrir MA verkefni verði hækkuð úr kr. 500.000,- í kr. 700.000,-
- Undir kaflanum „Helstu verkefni Vísindanefndar“ leggur nefndin til að 5. liður verði tekinn út þar sem sá fundur hefur yfirleitt verið illa sóttur og því ekki talin þörf á að halda opinn nefndarfund.
- Lagt er til að kaflinn „Árleg úthlutun úr B-hluta Vísindasjóðs“ verði felldur út þar sem hann er endurtekning á því sem stendur fyrir ofan.

Vísindanefnd bærust átta umsóknir um styrki á árinu og voru sex þeirra samþykktar, tvær uppfylltu ekki skilyrði úthlutunarreglna.

Þau verkefni sem hlutu styrk árið 2022 voru:

- Herdís Björnsdóttir, fékk 500 þúsund króna styrk vegna meistararannsóknar um viðhorf eldra fólks til þjónustu hjá Kópavogsbæ.
- Kristinn Arnar Diego fékk 250 þúsund króna styrk vegna birtingar á ritrýndri grein um hvort félagsleg samskipti hafi áhrif á sjálfsskilning döff fólks í fámennu samfélagi heyrnalausra á Íslandi?
- Sigrún Harðardóttir fékk 800 þúsund króna styrk vegna útgáfu bókar um barnavernd á Íslandi
- Halldór S. Guðmundsson fékk 750 þúsund króna styrk vegna yfirlitsrannsóknar um einmanaleika eldra fólks á Íslandi.
- Sirrý Sif Sigurlaugardóttir fékk 500 þúsund króna styrk vegna doktorsrannsóknar sinnar um heilsu, vellíðan og þarfir aðstandenda sem annast um eldri einstaklinga sem þiggja heimahjúkrun.
- Valgerður Halldórsdóttir 800 þúsund króna styrk vegna skrifa og útgáfu bókar um stjúp tengsl.

Fyrir hönd vísindanefndar,
Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir